

# Fræðslufundur: BA/BS-ritgerðir fyrstu skref

Rannveig Sverrisdóttir

[rannsve@hi.is](mailto:rannsve@hi.is)



# Ritver Hugvísindasviðs

- Ritver Hugvísindasviðs veitir öllum nemendum HÍ aðstoð við stórar og smáar ritsmíðar (ritgerðir, námskeiðsverkefni, skýrslur, lokaverkefni o.s.frv.)
- Allir nemendur Háskóla Íslands geta pantað viðtalsfund sér að kostnaðarlausu
- Ritverjar veita aðstoð við efnisafmörkun, rannsóknarspurningu, uppbyggingu, mál og stíl, heimildamat, heimildatilvísanir, frágang, útlit og fleira
- Ritverið er á 2. hæð í Þjóðarbókhöllu
- Nánari upplýsingar á <http://ritverhug.hi.is/> og á Facebook-síðu ritversins

# Algengar spurningar

- Hverjar eru reglurnar?
- Hverjar eru kröfurnar?
- Um hvað á að skrifa?
- Hvað á leiðbeinandi að gera?
- Hvernig á að finna heimildir?
- Hvaða heimildir má nota?
- Hvernig á að skipuleggja skrifin?
- Hvað er sniðmát?

# Leiðbeiningar og upplýsingar á vef

- Góðar upplýsingar og leiðbeiningar á síðum ritveranna um margt sem viðkemur ritgerðarskrifum:
  - Hugvísindasvið <http://ritverhug.hi.is/>
  - Menntavísindasvið <http://ritver.hi.is/>
    - Bæklingur um fræðileg skrif:  
[http://ritver.hi.is/sites/ritver.hi.is/files/iyp\\_fraedlileg\\_skrif\\_2016.pdf](http://ritver.hi.is/sites/ritver.hi.is/files/iyp_fraedlileg_skrif_2016.pdf)
- Hvað er sniðmát?
  - Kynnið ykkur strax reglur deildar um sniðmát og hvort æskilegt er að vinna inn í það frá upphafi, dæmi má t.d. sjá á Uglu undir:
    - Félagsvísindasvið >> Viðskipafræðideild >> Upplýsingar fyrir nemendur >> Lokaverkefni og ritgerðir >> Sniðmát

# Reglur

- Misjafnt eftir sviðum og deildum hversu rækilegar reglur eru.
- Á Uglu, innri vef HÍ, má finna upplýsingar um lokaritgerðir undir síðum flestra sviða og/eða deilda, t.d. Hugvísindasvið >> Fyrir nemendur >> Deild >> Lokaverkefni og ritgerðir
- Sum svið eða deildir hafa strangari reglur en önnur.
- Finnið þær upplýsingar sem til eru fyrir ykkar deild.

# Lengd

- Almennt má miða við að 10 eininga ritgerð sé ekki lengri en 30 bls. eða um 8-10.000 orð.
- Misjafnt eftir deildum/leiðbeinendum hve strangt er tekið á lengdarviðmiði.
- Ritgerðir sem eru lengri en viðmið eru ekki ávísun á hærri einkunn.
- Ritgerðarskrif krefjast alltaf afmörkunar og ögunar – að virða lengdarmörk er til marks um öguð vinnubrögð.

# Viðmið um vinnuálag

- Samkvæmt Bolognasáttmálanum skal fullt háskólanám vera 1500-1800 vinnustundir sem jafngildir því að baki hverri ECTS einingu liggi um 25-30 klukkustunda vinna stúdents
- Að baki ritgerð sem er 10 ECTS ættu því að liggja 250-300 vinnustundir
- Ef ritgerð er unnin á 15 vikum gera það 16-20 vinnustundir á viku að meðaltali, ef unnin á 20 vikum 12-15 vinnustundir á viku að meðaltali

# Kröfur

- Alla jafna þurfa lokaritgerðir á grunnstigi ekki að birta nýjar hugmyndir eða kenningar.
- Ritgerðir nemenda eru því oft endursagnir á hugmyndum annarra.
- Hins vegar þurfa nemendur að sýna að þeir geti unnið úr efninu á skipulegan hátt og greint aðalatriði frá aukaatriðum.
- Í lokaritgerðum er þó algengt að nemendur afli nýrra, óbirtra gagna (t.d. úr spurningakönnun eða viðtölum).



# Kröfur

- Ritgerðirnar eru próf í fræðilegum vinnubrögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum
  - Úr reglum Hugvísindasviðs um BA ritgerðir:  
„Lokaritgerð er ætlað að sýna hæfni nemenda til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar úrvinnslu efnis og heimilda, svo og til notkunar fræðilegra hjálpargagna.“
- Þetta á við um:
  - meðferð, val og notkun heimilda
  - skipulag og byggingu efnisins
  - málfar og frágang

# Val á efni

- Ein algengustu mistökin í öllum ritgerðarskrifum eru að velja of vítt efni.
- 30 blaðsíður eru fljótar að fyllast ef efni er vítt; því víðara efni, því fleiri heimildir þarf að lesa og vitna til.
- Algengt að efnið þrengist smám saman þegar líður á vinnu.

# Efnisafmörkun

- Það er betra að kafa djúpt í afmarkað efni en fara hratt yfir stórt svið. Það eykur líkurnar á því að ritgerðin verði markviss.
- Það má ekki vera tilviljanakennt hvað er tekið með og hverju er sleppt í ritgerð því ritgerð verður að mynda eina heild.

# Rannsóknarspurning

- Besta leiðin við að afmarka ritgerðarefni er að setja fram rannsóknarspurningu (eða jafnvel rannsóknarspurningar).
- Ritgerðin snýst þá um að svara spurningunni og færa rök fyrir svarinu.
- Öllu sem ekki snertir spurninguna er þá einfaldlega sleppt og allir útúrðurar í lágmarki.

# Leiðbeinandi

- Í upphafi velur nemandi (eða er úthlutað) leiðbeinanda við viðkomandi deild.
- Leiðbeinendur eru jafn misjafnir og þeir eru margir.
- Í upphafi er best að bæði nemandi og leiðbeinandi séu sammála um efnisval og verkáætlun.

- Best er að velja dagsetningar fyrir skil á uppkasti svo að leiðbeinandi geri sér grein fyrir framvindunni (sjá t.d. verklagsreglur hjá sumum deildum Félagsvísindasviðs)
  - Leiðbeinanda ber ekki skylda til að:
    - prófarkalesa ritgerð og leiðrétta málfar
    - velja heimildir (þó má ætlast til ábendinga)
    - gera beinagrind að ritgerð
    - hitta nemendur oftast en 3-4 sinnum yfir önn
- ...þótt sumir geri þetta allt saman og meira til.

- Ef nemandi og leiðbeinandi hafa komið sér saman um dagsetningar á skilum uppkasta er mikilvægt að **báðir** virði þau tímamörk.
- Nemandi sem ekki skilar á réttum tíma getur ekki ætlast til að leiðbeinandi raski sinni dagskrá og setji hans verkefni í forgang.
- Að sama skapi á nemandi ekki að þurfa að bíða óhóflega lengi eftir viðbrögðum ef tímaáætlun stenst.

# Að hefjast handa

- Oft fer ekki minni tími í undirbúning ritsmíðar en skrifa sjálf – undirbúningstímann má því ekki vanmeta.
- Þegar efni hefur verið valið þarf að kanna stöðu þekkingar.
- Mikilvægt **að kunna** að leita að heimildum.
- T.d. hægt að sækja námskeið í heimildaleit hjá Landsbókasafni, <https://landsbokasafn.is/>



# Heimildaleit

- Leitir.is, Gegnir.is og Google Scholar eru mjög öflugir gagnagrunnar.
- Finnið það nýjasta um efnið og lesið heimildaskrá þeirrar heimildar.
- Skannið efni heimildanna – stundum er auðvelt að sjá í fljótu bragði hvort heimild henti.

# Val á heimildum

- Ekki er þörf á að lúslesa allar heimildir sem tengjast viðfangsefninu
  - Lesa efnisyfirlit
  - Skimun
  - Hvaða upplýsingar vantar? – semja spurningar
  - Lesa vel það sem mun nýtast
- Í glósum er best að skrá nákvæmlega heimild og blaðsíðutal ef tilefni er til þess að kanna heimild betur.
- Notið það sem er nauðsynlegt og sleppið öðru
  - það gæti þó komið að gagni síðar; ekki sjá á eftir tímanum sem fer í heimildavinnu

# Fræðilegar heimildir

- Notið ritrýndar heimildir eins og kostur er.
- Hvað er ritrýni?
  - Verk höfundar hefur verið lesið yfir af ritstjóra og öðrum fræðimönnum, yfirleitt einum eða tveimur, sem eru sérfróðir um efnið.
- Hvað er ritrýnt?
  - flestar bækur sem gefnar eru út af háskólaforlögum
  - greinar í fræðilegum tímaritum
  - misjafnt hve mikil vinna er lögð í ritrýni því sum tímarit eru hærri í virðingastiganum en önnur

# Mat á heimildum

- Í ritgerðum nemenda er mjög algengt að heimildir séu notaðar gagnrýnislaust.
- Allar heimildir verður að meta, alveg sama hvers eðlis þær eru.
  - Einfaldast að kanna hvort vinnubrögð höfundarins standist helstu kröfur um heimildanotkun og heimildatilvitnanir.
  - Að mótmæla fræðimanni krefst góðs rökstuðnings, t.d. með dæmum.
  - Sé ágreiningur milli fræðimanna verður að skoða þær röksemdir sem þeir hafa fram að færa.

# Efnisgrind

- Ef þið hafið valið efni, búið til rannsóknarspurningu og kynnt ykkur heimildir ætti að vera auðveldara að búa til efnisgrind.
- Góð efnisgrind er nauðsynleg öllum ritgerðum
  - Hvað er mikilvægt og hverju má sleppa?
  - Hvernig verða kaflarnir uppbyggðir og hvar þarf undirkafla?
  - Grindin auðveldar flæði
  - Út frá beinagrindinni semjum við uppkast

- Með efnisgrind er ritgerðin bútuð niður í einingar og þannig viðráðanlegri, hver eining fær sinn tíma.
- Hver eining er þá áfangi á leið að lokatakmarkinu og þá eru minni líkur á að þið miklið verkið fyrir ykkur
- Efnisgrindin er þó ekki meitluð í stein og þarf að vera í stöðugri endurskoðun eftir því sem líður á vinnuna.

# Að skrifa

- Best er að skrifa fyrstu setningarnar snemma, jafnvel þó líklegt sé að þær þurfi að endurskrifa síðar.
- Ekki láta ykkur þykja of vænt um einstakar setningar; verið óhrædd að stroka setningar út ef þær þjóna ekki lengur heildinni.
- Vinnið jafnt og þétt að ritgerðinni eins og hún sé námskeið með reglulegum heimaverkefnum.

# Stíflur og veggir

- Oft er eins og ómögulegt sé að halda áfram, næsta setning einfaldlega kemur ekki.
- Takið ykkur hlé, gefið verkinu rými, lesið eitthvað sem getur veitt ykkur innblástur og prófið að koma aftur að verkinu.
- Lesið reglulega yfir eigin skrif, það eykur líkurnar á að koma auga á göt í umfjöllun.



# Aðstoð

- Nýtið þá aðstoð sem gefst – ræðið við aðra í sömu stöðu.
- Ritverið:
  - Í ritverinu er t.d. hægt að fá aðstoð við öll þau atriði minnst hefur verið á hér.
  - Þar er einnig hægt að fá aðstoð með hvers kyns tæknileg atriði eins og uppsetningu og sniðmát.
  - Á heimasíðu ritversins er hægt að panta tíma þegar hentar.
  - Á heimasíðunni sjálfri má einnig finna ýmsar ábendingar og hjálpargögn.